

Keppni í gæðingafimi

Hugmyndafræði

Markmiðið er að sýna vel þjálfaðan gæðing. Sýna skal öll þjálfunarstig. Keppandinn leitast við að flétta saman gangtegundum og æfingum. Boðið er upp á styrkleikaflokk 1 til 3. Hesturinn skal vera spennulaus, stefnu- og taktfastur, sveigjanlegur og samspora. Hesturinn sé við taum og hvelfdur, kraftmikill og geti safnað sér og búi yfir yfirferð. Sanna verður að hann búi enn yfir grundvallaratriðunum og sé spennulaus. Í efsta styrkleikaflokk er ætlast til að hesturinn sýni góðan burð allan tíman og krefjandi æfingar.

1. stig er fyrir minna vana þar sem lögð er áhersla á neðstu þrep þjálfunarstigans, rólegur, taktfastur og sveigjanlegur.
2. stig er fyrir meira vana
3. stig er opinn flokkur

Aðstaða

Reiðvöllur 20m x 40m/60m/80m, eða hringvöllur með opið svæði í miðjunni ásamt skeiðbraut.

Tilhögun

Keppandinn skilar inn þar til gerðu dómblaði/æfingalista 48 klst. fyrir keppni og ef við á með skilgreiningu á "aukaæfingu" t.d. spænskt fet eða hneigja sig. Í æfingalistanum merkir knapinn við atriðin sem hann ætlar að sýna. Hann hefur hámarkstíma, miðað við styrkleikaflokk og stærð keppnissvæðis. Keppandi leitist við að sýna atriði þannig að sjónarhorn dómara sé sem best, t.d. að ríða ekki beint frá dómurum og sýna ekki atriði á langhliðum nær dómurum ef aðstæður eru þannig að dómari sé ekki allan hestinn.

Keppandinn sýnir fjórar æfingar þar af 1-3 hliðargangsæfingar (opinn sniðgangur á feti er skylduæfing). Allar hliðargangsæfingar og æfingin ríðið á hringnum þarf að sýna upp á báðar hendur. Merkja má við fimm æfingar. Ef knapi sýnir fjórar æfingar er ekki gefinn einkunn fyrir fimmta atriðið, en ef hann sýnir minna en fjórar fær hann 0 fyrir ósýndu atriðin. Þetta er til að halda í hugmyndina um að gæðingafimi er spuni.

Sýna á að lágmark 3 gangtegundir, þar af lágmark eitt töltatriði. Tölt hefur tvöfalt vægi. Gangtegundir verður að sýna eina langhlið, skálinu, fjórðungarlínu eða miðlínu til þess að hljóta einkunn en nóg er að sýna fet amk. 30 metra. Til þess að hreyfa einkunn fyrir skeið þarf að sýna amk. sem samsvarar $\frac{3}{4}$ langhlið. Til einkunnar gildir tölt og tvær hæstu gangtegundir. Ef sýndar eru fleiri en 3 gangtegundir getur það virkað til hækkunar fyrir útfærslu. Ef sýnt er fjölhæfni á gangtegundum, t.d. mismunandi hraða innan gangtegundar getur það virkað til hækkunar fyrir gangtegundina. Ef skeið er ekki sýnt skal sýna lágmark 2 töltatriði (hægt, milliferð, greitt, með hraðamun og/eða slaktaumatölt).

Dómari getur sett tölur við hvert gangtegundaratriði (hægt, milliferð, greitt, hraðamunur, slaktaumatölt) til viðmiðunar og gefur svo lokaeinkunn fyrir heildarmynd gangtegundarinnar í lok verkefnisins. Gangtegundir í æfingum eru hluti af heildarmynd.

Lengd

Allt að 4 mínútur. Ef knapin fer yfir hámarkstíminn fær hann 0 fyrir atriðin sem eru ekki sýnd. Tíminn og tónlist byrjar þegar knapinn hneigir sig eða sjálfkrafa 30 sek. eftir að knapi kemur inn á völlinn. Knapinn fær að vita þegar 1 mínúta er eftir af tímanum.

Vægi atriða

Æfingar hafa fjórfalt vægi.

Gangtegundir hafa áttfalt vægi.

Áseta hefur einfalt vægi í útreikningi.

Útfærsla hefur fjórfalt vægi.

Aðrar reglur

Skila inn Æfingalista 48 klst fyrir keppni, með skilgreiningu á “aukaæfingu” ef á við t.d. spænskt fet, hneigja sig.

Aðra hönd á taum er skilyrði fyrir 10 og virkar yfirleitt til hækkunar. Til að fá yfir 8 fyrir æfingar þarf að framkvæma þær án stuðnings.

Dómarar

Menntaðir reiðkennarar sem hefur þekkingu og reynslu af gæðingafimi. Helst með dómaramenntun úr kynbótadómum, gæðinga eða íþróttakeppni.

Útfærsla

Útfærslur sem sýna góða reiðmennsku, þjálni og jafnvægi, líkamlegt og andlegt, eru til hækkunar, einnig að æfinginn hefur góð áhrif á hestinn. Takist það ekki getur það leitt til lækkunar.

Sýning sem hefur gott flæði, eitt leiðir af öðru og engar óþarfa ferjuleiðir fær einkunn á bilinu 7,5-10 (fer eftir fleiri atriðum)

Dæmi um hækkunir:

- Krefjandi og flottar útfærslur sem reyna á reiðmennsku og þjálni sem takast vel
- Góð stjórn á orkustigi. T.d. skeið/greitt stökk - taumur gefinn
- Æfingar og gangtegundir fléttaðar saman. T.d. krossgangur, brokk. Afturfótasnúningur--stökk--skeið--opinn sniðgangur á tölti
- Gangtegundir og æfingar sýndar án stuðnings frá vegg/girðingu
- Ferjuleiðir vel útfærðar
- Riðið með aðra hönd á taum
- Krefjandi, vel heppnaðar gangskiptingar

Dæmi til lækkunar:

- Útfærsla of flókin fyrir knapa og hest – mistekst
- Óþarflega margar ferjuleiðir
- Órókrétt samsetning verkefnis sem hefur neikvæð áhrif á framgang verkefnisins
- Lélegar gangskiptingar

Æfingalisti

Atriði	Útfærsla	V	H		Athugasemdir
Krossgangur	Fet				
Opinn sniðgangur	Fet				
	Tölt				
Framfótasnúningur	Fet				
Taumur gefinn fram	Tölt				
	Stökk				
Slöngulínur	Tölt/brokk/stökk				
8	Tölt/brokk				
Riðið á hringnum, sýna skal á báðar hendur	Tölt/brokk				
	Stökk				
Stöðvun	Af feti				
Bakk	Úr kyrrstöðu				
Gangskiptingar	Fet-tölt-fet x3				
Taumur gefinn	Fet				
Hraðabreyting	Tölt				
Frjáls æfing					
Meðaleinkunn æfingar				#####	
Tölt	Hægt				
	Með hraðamun				
	Milliferð				
	Greitt				
	Með slakan taum(eins og T2)				
	Heildareinkunn fyrir tölt	####			
Brokk	Hægt				
	Milliferð				
	Með hraðamun				
	Greitt				
	Heildareinkunn fyrir brokk	####			
Stökk	Hægt				
	Milliferð				
	Með hraðamun				
	Greitt				
	Heildareinkunn fyrir stökk	####			
Fet	Heildareinkunn fyrir fet				
Skeið	Á sporaslóð				
	Á skálínu				
	Heildareinkunn fyrir skeið	####			
Útfærsla					
Gangtegundir				#####	
Áseta					
				#####	

Æfingar

Hliðargangsaefingar - skilgreiningar

Opinn sniðgangur á feti – skylduæfing

Hesturinn gengur sveigður, á þremur til fjórum sporum. Hann gengur beint fram að aftan og til hliðar að framan. Hesturinn heldur takti viðkomandi gangtegundar. Ef hesturinn er á fjórum sporum á að vera jafn breitt bil milli allra hófa (séð framanfrá). Opinn sniðgangur má framkvæma við vegg en opinn sniðgangur á opnu svæði gildi til hækkunar fyrir útfærslu ef framkvæmdur rétt.

Framfótasnúningur

Hesturinn er beinn í skrokknum en stilltur í hnakka frá þerri átt sem hann gengur í. Hann gengur í fetgangstakti með afturhluta í hálfhring um innri framfót. Innri afturfótur krossar framfyrir ytri sem stígur fram, innri framfótur lyftist upp á sama stað í hverju skrefi, ytri framfótur stígur fram.

Krossgangur

Hesturinn er beinn í skrokknum en stilltur í hnakka frá þeirri átt sem hann gengur í. Hann gengur í takti viðkomandi gangtegundar, jafn mikið fram og til hliðar. Innri framfótur og afturfótur krossar framfyrir ytri sem stígur fram.

Aðrar aefingar – skilgreiningar

Taumur gefinn fram á tölti

Hesturinn er á hægu til milliferðar tölti. Knapinn losar greinilega um tauminn í amk. 3 sek þrisvar sinnum. Taumurinn á að hanga eins og u, hesturinn heldur sama höfuðburði/formi. Taumsamband tekið mjúklega aftur. Ekki er alvarlegt ef hesturinn lengir yfirlínu ögn og hvelfir sig meira. Styttri tími en 3 sek. leiðir til lækkunar.

Taumur gefinn fram á stökki

Hesturinn er á hægu til milliferðar stökki. Knapinn losar greinilega um tauminn í amk 3 sek. þrisvar sinnum. Taumurinn á að hanga eins og u, hesturinn heldur sama höfuðburði/formi. Taumsamband tekið mjúklega aftur. Ekki er alvarlegt ef hesturinn lengir yfirlínu ögn og hvelfir sig meira.

Slöngulínur

Ríða má 3-6 hálfbauga og inn á milli 0 – 10 m beint eða 3-6 3/4 15m hringi án beina kafla. Hesturinn sveigir sig greinilega eftir ferli baugsins, og skiptir um hönd í jafnvægi. Á stökki meiga bogarnir vera allt að 25 m.

Riðið á áttu á tölti/brokki

Riðnir eru 6 -20 m baugar af jafnri stærð. Hesturinn sveigir sig greinilega eftir ferli baugsins og skiptir um hönd í jafnvægi.

Riðið á hringnum, sýna skal á báðar hendur á tölti/brokki/stökki/ytra stökk

Hringurinn er 18-25m í þvermál. Hringirnir eiga að vera jafn stórir á báðar hendur en þurfa ekki að vera á sama stað.

Stöðvun

Hesturinn stöðvar í burði og heldur forminu, stendur rólegur, við taum og jafnt í allar fætur.

Bakk

Hesturinn bakkar mjúklega með virkan afturhluta, í jafnvægi og uppbyggilegt form.

Gangskiptingar fet-tölt-fet x3:

Hesturinn fer af hreinu vinnufeti upp í hreint tölt töltir amk 10m og hægir aftur niður í vinnufet.

Fara má í gegnum safnað fets.

Taumur gefinn á feti

Hesturinn er í taumsambandi á vinnuhraða, hann lengir hálsinn fram og niður í taumsambandi.

Hesturinn heldur sama takti, er virkur og lengir skrefin. Neflína fyrir framan lóð, hnakki u.þ.b. í sömu hæð og herðar. Sýna þarf atriðið amk. 10 sek. og verður hesturinn að halda taumsambandi allan tímann.